Mallgerður Ísland.
Skrifaði fundargerð
Á kvennasögus

Punktar frá fundi í Norræna húsinu 28.7.1981 um stofnun Kvennaframboðs.

Kristín Jónsdóttir kosin fundarstjóri.

Kristín Ástg. biður um orðið og talar um nauðsyn þess að við förum að láta frá okkur heyra. Þurfum að kjósa fjölmiðlafulltrúa. Helga Kress og Imba Hafstað nefndar.

Stebba Trausta: Blaðafulltrúi kvennaframboðsins (Akureyri?) hringdi í hana útaf frétt í Þjóðviljanum. Hrædd um að kvennaframboðunum verði otað saman hvoru gegn öðru. Stebba taldi að hún ahfi ekki orðið vör við slíkt. Bað Stebbu um að koma því á framfæri að óskað væri eftir sólídaríteti, þó svo að framboðin yrðu hugsanlega á ólíkum grunni.

Kristín Jónsd. Síðasti fundur var þokerkenndur. Kannski ekki grundvöllur fyrir miklum hugmyndafræðilegum grundvelli. Eigum við ekki að einbeita okkur að baráttumálum sem vænlegast er að leggja fram til sveitastjórnarkosninga. Erum við færar um að verja það að sjálfsmynd kvenna sé eitthvað öðruvísi fyrir iðnbyltingu.
Helga Kress: Vegna þess að við erum konur þurfum við að taka útgangspunkt í kúgun kvenna. Ef við erum að berjast gegn kapítalisma göngum við bara í flokk.

Þórhildur: Ef farið er að ræða fyrst um málaflokka verður það endalaust. Verðum við ekki fyrst að móta grundvöll og síðan málaflokka út frá því.

Helga S. Ekki í andstöðu við sósíalismann heldur viðbót við hann.

Kristín Ást. Til hverra á að höfða?

Stefanía: Helga hóf kvennamenningu fyrir iðnbyltingu og mikið upp. Við notum söguna til að skýra okkar mál.

Stebba T: Vill að hugmyndafræðin verði rædd vel áður en stefnumálin verði tekin fyrir.

Imba: Fyrst grundvöll síðan ákvörðun um hvort karlar verði með á lista. Allt í lagi með reproduksjón umræðuna og benda á mikilvægi hennar. Er hrædd um að upphefja kvennamenninguna. Menning kúgaðra hópa er ekkert til að hefja upp.

Helga Kress: Við erum hræddar við að upphefja kvennamenninguna, en við höfum aðra reynslu og hugsum öðruvísi.

Imba: Við ætlum ekki að þróa þessar menningar hlið við hlið heldur að blanda þeim.

Helga Kress: Við viljum jafnvægi ekki að önnur menningin sigri hina.

Helga S: Vondir þættir í karlamenningunni hafa fengið byr síðan í

iðnbyltingu og nú stefnir í eyðingu. Þeir eiginleikar sem hafa þróast með konum í lágmenningunni verða að fá sjens. Kvennamenningin er brengluð og ósýnileg vegna þeirra skilyrða sem karlamenningin hefur skapað henni. Við erum að sækjast eftir því að góðir mannlegir eiginleikar sem hafa verið þróaðir í ólíkum menningarheildum fái að njóta sín í jafnvægi.

Halla Jóns: Af hverju stoppað við iðnbyltingu. Erum við ekki að rísa gegn kúgun konunnar sem lýsir í gegn um alla söguna.

Kristín: .
Treystir sér ekki til að standa undir þessari söguskoðun. Hægt að hanka mann þegar svona er slegið fram.

Þórhildur:
við eigum að innleiða það í pólítíkina að hægt sé að hanka mann. Biður um skýringu á kvennamenningu.

Helga S. þegar verið er að vinna hjálparstarf í U löndunum gengur það ekki vegna þess að vestræn menning er að fást við ólíka menningu. Yfirfærir þetta á kvenna- og karlamenningu. Virðist ekki ganga að taka konur inn í pólítískt flokkastarf. Við erum með arfinn frá formæðrunum í okkur og þetta passar okkeur ekki. Hvers vegna fara konur alltaf tilbaka. Lausnirnar sem kvennabaráttan hefur upp á að bjóða passar þeim bara ekki. Meginorsökin er að forsendurnar eru alltaf vitlausar.

Kristín Jónsd: Eigum við að fara í hópa?

Imba: Hvers vegna hafa konur þessa eiginleika? Af hverju hafa konur ekki farið á vígvöllinn og búið til vopn. Um leið og við komumst ofaná í þessu þjóðfélaginu hverfa þá ekki þessir eiginleikar? Ef kvennabaráttan á að bera einhvern árangur, hverfur þá ekki kvennamenningin?

Kristín: Margt gott sem er í lífi kvenna: virðing fyrir lífi, hlýleiki. Við höfum það hlutverk að viðhalda lífinu og við komumst aldrei frá þessu hlutverki. Við eigum að vinna að því að þetta hlutverk skipti öllu máli og að það verði ekki baggi á konum. Þetta á að vera mikilvægt hlutverk. Ef við förum í kvennaframboð höfum við eitthvað að segja sérstakt. Við heimtum lífvænleg skilyrði fyrir mannlífið.

Þórhildur: Mér er sama hver drepur mig. Ef við trúum því ekki að við höfum annað að segja getum við alveg eins farið heim og drepið →

Helga Sig: Jón B. kallar þetta mannúðarstefnu.

Stebba Trausta: Endurframleiðslan er styrkt (?9 af því sem í kring um okkur er. Við erum aldar upp í því að eilíflega vera að sjá út þarfir annarra. Við getum það miklu betur en karlmenn og þar af leiðandi erum vjð hæfari en karlmenn til að búa til betri heim. Hverjir eru aðal kostir kvennamenningar og hvernig notum við þá.

Helga Kress: Við eru að lífga upp á þá menningu sem verið er að myrða. Í sambandi við vopnaframleiðsluna hugsar Imba út frá karlasjónamiðum. Karla hafa þróað með sér ofbeldi en konur ekki í gegn um söguna. Kvennamenning er ekki gott orð.

Þórhildur: Ekki má nota orð sem stendur í fólki að skilgreina.

Helga Kress: Kvennamenningin er kúguð menning sem neitar að láta mynda (ath) sig. t.d. eiga börn, strauja, skúra.

Imba: Er það ekki það sem við viljum losna við.

Þórhildur: Við viljum ekki losna við það vegna þess að það sé ómerkilegt heldur eiga fleiri að gera það.

Helga S: "For your own good" Mælir með þeirri bók og segir að hún sé góð.

Kristín Á: Við setjum stéttabaráttuna í samhengi áfram, en nú verðum við að einbeita okkur að þessari kynferðislegu kúgun í verkalýðshreyfingunni en líka karlmenn og vinstri menn eru ekki aldeilis stikkfrí. Þeim þarf líka að stilla upp við vegg.

Helga S. Sósíalistar taka alla kvennamenninguna út af heimilunum en það vilja konur ekki. Þetta átti ekki að verða neitt vandamál. Bjóða bara upp á tæknilegar lausnir.

Imba: Hvaða lausnir höfum við.

Kristín Ást: Við viljum viðurkrnningu og meiri verkaskiptingu. Við getum barist fyrir því að allir fari inn í kommúnur.

Imba: Þetta er nú dálítil útópía.

Helga K. Við erum að berjast fyrir jafnrétti, að konur þurfi líka að ráða og fái að byggja á sínum forsendum. Við verðum að bjarga heiminum frá gereyðingu sem karlarnir eru að stefna okkur í.

Sigríður Dúna: Við viljum minnka bilið hérna á milli er það ekki punktur no. 1. Með því að byggja á kvennamenningu erum við ekki að upphefja hana í staðinn fyrir aðminnka bilið?

Helga: það er líffræðilegur munur

Kristjana: Við getum ekki skilgreint það hér hvað kvennamenning sé. Þegar Imba er hrædd um að upphefja kvennamenningu er það sjálfsfyrirlitning. Hefur nýlega lesið bók um hvað konur hafi verið frábærar í hinum ýmsu vísindagreinum.

Kristín Á. Fyrir borgarstjórnarkosningarnar hljótum við að byrja á því hvernig staða kvenna sé í ísl. þjóðfélagi. Við spyrjum hvers vegna og hvað getum við gert. Með því að fara í framboð erum við að velja ákveðna leið og fáum gullið tækifæri til að varpa ljósi á allar hliðar þessa máls.

Hjördís: Við höfðum ekki til hins daglega raunveruleika margra kvenna með þessum tölum um menningu. Leiðinlegt andrúmsloft. Alltaf verið að sannfæra Imbu greyið. Leggur til að verði farið að nálgast raunveruleikann en leyfum þessari umræðu að halda áfram samhliða. Ekkert nýtt komið framí kvöld. Fleiri eða færri sannfærðir á hinni eða þessari línunni..

Kristín Jónsd: Hvernig viljum við breyta þessu ástandi? Hvernig viljum við koma okkar áróðri á framfæri og hvernig á hann að verða.

Stebba Trausta: Eigum við að halda áfram að ræða grunninn eða snúa okkaur að praktískum málum.

Helga Kress: Treystum við okkur til að vinna saman?

Kristín Jónsd: Hvað með fjölmiðlafulltrúa? Viljum við halda áfram.

Kristín Ást: Mismunandi línur uppi. Getur ekki séð hvers vegna þessar línur geti ekki unnið saman. Finnst vera búið að hreinsa andrúmsloftið og vill endilega halda áfram.

Þórhildur: Hver og ein spyr sig. Er einhvers staðar í þjóðfélaginu til sú stefna sem við viljum berjast heilshugar með? Segi maður nei er það þess virði að reyna eitthvað nýtt, en við verðum aldrei sammála um samhljóma grundvöll.

Stebba T: Við erum að vinna að því að þessi grundvöllur verði þannig að við getum stutt hann.

Helga K: Mikil pressa frá fjölmiðlum.

Hjördís: Gefum út röð af fréttatilkynningum eftir því sem við höfum eitthvað að segja.

Stebba T: Lobbi refereraði allt við hana sem sagt var á síðasta fundi.

Hjördís: Merkilegt að þessi umræða skuli koma upp þegar UK er ekki mætt á fundinn.

Helga Kress: eigum við að gefa út fréttatilkynningu

Kristín Jóns: Erum við í sömu sporunum.?

Kristín Ást: Verðum við ekki að vinna að þassu nánar.

Stebba: Lýsum eftir fólki til að starfa að þessu máli og segjumst vera að undirbúa stóran fund í september.

Kristín Á: Höldum áfram vikulegum fundum til að kynna okkur

borgarmálefnin.

Hjördís: Það eru komin drög að málaflokkum síðan á eftir að fylla út í það.

Stebba T Aðalbaráttumál Alþýðubandalagsins fyrir næstu kosningar verða húsnæðismál.

FLISS

Helga K: Fjölmiðlafulltrúar til þass að svara kjaftasögum í blöðunum. Og svAra . gefa út fréttsatilkynningu með nafni fjölmiðlanefndar undir.

Hópur kvenna ræði fréttatilkynningu. Markmiðið er opinn fundur í haust. Hugmyndir kynntar og þá ákveðið hvort grundvöllur sé fyrir framboði. Stefnugrundvöllur verði tilbúinn fyrir þann fund. Verður liðskönnun. Hafa hópumræður og hver hópur geri grein fyrir sínum málum. Látum borga inn. Stungið upp á Hótel Heklu.

Helga Kr. segir frá fundinum á Akureyri. Enginn óvirkur í hópumræðunni á 100 kvenna fundi á Akureyri.

Helga Sig. Talar um skjálfta í flokkunum. Svona fundur hér fer ekki friðsamlega fram. Það verður sennilega smalað a.m.k. af Alþýðubandálaginu.

Hjördís: Ef þeim sem völdin hafa finnst þeim ógnað...

Stebba T: Hvað með kynningardafund með ákveðinni dagskrá og síðan lýst eftir fólki til starfa. Orðið ekki gefið laust.

Helga S. Við verðum að búa okkur undir það versta.

Sigga Kr. Vill bara kynningarfund.

Helga Kress og Þórhildur: Á móti passífu fundarformi.

Helga Kr: Setja minnst tvær konur í hvern hóp frá okkur

Hjördís vill láta nefnd í að skipuleggja stóra fundinn. Spyr um útgáfu.

Kristín rifjaði upp að talað hefði verið um að kjósa þrjár nefndir á síðasta fundi og þá væri um að ræða fjórðu nefndina þar sem fjölmiðlanefnd væri.

Fjármálahópur: Til að athuga fjármálaleiðir.
Steinunn Hafstað, Þóra Þorsteinsd og Marianna (Traustad) gjalkeri.

Fundarhópur: Guðfinna Friðriksd, Halla Jónsd, Valla.

Fjölmiðlahópur: Sigr. Dúna, Helga Kress, Þórhildur.

Rithópur

Kristín Ástgeirs, Solla, Kristín Jónsd.

Helga Kress bendir á ritgerð um nýju kvennahreyfinguna eftir Önnu Guðrúnu Jónasdóttur. Þróun nýju kvennahreyfingarinnar.

Stebba T. Setja niður hópa um teoríuna.

Þórhildur: Ekki flýta prósessinum of mikið.

Kristín rifjaði upp að talað hefði verið
um að kjósa þrjár nefndir á síðasta

28 júlí 1980

Ingibjörg Hafstad 33458
1 Kristín Jónsdóttir 78189
Hulda Sveinsdóttir 30743
1 Kristín Ásgeirsd. 83897
Helga Sigurjónsd. 42337
Guðjóna H Friðriksd — 52942.
Sigríður Guðmundsd. 16397

1 Elísabet Guðbjörnsdóttir 20278
2HALLA JÓNSDÓTTIR 23585
Margrét Rún Guðmundsd 21821
1 Valgerður Eiríksdóttir 28607
Hallgerður Gísladóttir 33458
Marianna Traustadóttir 19288.
1 Þórhildur Þorleifsdóttir 22313
Sólrún Gísladóttir 36207
Steinunn H. Hafstað 24377
Sigríður Kristinsdóttir 86148
1 Kristjana Gunnars 38874
1 Sigríður Hjartard. 28189/74544.

11. ágúst

Erna Indriðadóttir
Vilborg Sigurðardóttir 83887

19+1

ath